



# Jafnréttisáætlun Leikskóla LFA 2022-2025

Leikskólinn Fossakot

Fossaleyni 4

112 Reykjavík

Leikskólinn Korpukot

Fossaleyni 12

112 Reykjavík

Jafnréttisáætlun leikskóla LFA byggir á lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, Aðalnámskrá leikskóla og Barnasáttmálanum og er í senn leiðarvísir starfsfólks til að stuðla að góðu jafnræði í hvívetna. Jafnréttisáætlun var fyrst sett árið 2019 og er nú endurskoðuð í samræmi við 5. gr. jafnréttislaga. Jafnréttisáætlun er endurskoðuð á þriggja ára fresti og verður áætlunin endurskoðuð næst haustið 2025.

Markmið með jafnréttisáætlun þessari er að stuðla að jafnrétti á sem víðtækustum grunni í leikskóla LFA. Áætlunin á við um nemendur, foreldra og starfsfólk og á hún að tryggja að jafnrétti nái til allra í leikskólasamfélaginu.

Jafnréttisáætlunin á að endurspeglar að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, fötlunar, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Lögð er áhersla á að koma fram við nemendur, foreldra og starfsfólk af virðingu og á uppbyggilegan hátt og lagst er gegn hvers konar einelti. Í leikskólunum er unnið gegn viðhorfum sem leitt gætu til aðstöðumunar vegna kyns, kynþáttar, trúarbragða, uppruna, fötlunar og kynhneigðar.

## Nemendur

Í Aðalnámskrá segir m.a. að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. sé lögð áhersla á að búa öll kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu. Lögð er áhersla á að drengir jafnt sem stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika. Í leikskólanum er stuðlað að jafnrétti og virkri þátttöku barna í samfélaginu með því að skapa þeim tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi.

- Skipulag skólafarsins tekur mið af jafnrétti kynja, þar sem stúlkur jafnt sem drengir fá að njóta sín. Kynjasambætting er höfð að leiðarljósi
- Stuðlað að vináttu og samleik allra kynja
- Leik-, kennslu- og viðfangsefni skulu vera fjölbreytt og þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað
- Unnið er gegn staðalímyndum kynjanna og forðast að hafa þær í bókum og/eða söngtextum
- Jafnræðis er gætt í framkomu og viðmóti við nemendur
- Lögð er áhersla á að í leikskólanum sé unnið gegn viðhorfum sem leitt gætu til aðstöðumunar vegna kyns, kynþáttar, trúarbragða, uppruna, fötlunar og kynhneigðar

## Kennarar og annað starfsfólk

- *6. gr. Almenn ákvæði um launajafnrétti.* Öll kyn njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf
  - Við ákvörðun launa skal gæta fyllsta jafnréttis. Starfsmenn skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf (IST 85) og skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun. Skólinn skuldbindur sig jafnframt til að vinna að stöðugum umbótum á þessu sviði, hafa eftirlit með viðmiðum og bregðast við frávikum sem upp kunna að koma.
  - Við ákvörðun starfskjara skal tryggt að þau viðmið sem lögð eru til grundvallar þeirri ákvörðun feli ekki í sér kynjamismun. Það gildir jafnt um lífeyrisframlag, lengd orlofs eða veikindaréttar eða hvers konar annarra starfskjara sem hægt er að meta til fjár.
  - Í samræmi við lög nr. 150/2020 mun skólinn ljúka jafnlaunavottun fyrir lok árs 2022 sem staðfestir að jafnlaunakerfi fyrirtækisins og framkvæmd þess uppfylli kröfur staðals ÍST 85.
- *12. gr. Laus störf, starfsþjálfun, endur- og símenntun.* Jafnréttissjónarmiða er gætt við stöðuveitingar. Lögð er áhersla á að allir starfsmenn geti elft kunnáttu sína og hæfni með endurmenntun.
- *13. gr. Samræming fjölskyldu og atvinnulífs.* Leitast er við að koma á mótis við starfsfólk með auknum sveigjanleika og tilliti til að starfsfólk geti sem best samræmt starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu
- *14. gr. Kynbundið ofbeldi, -áreitni og kynferðisleg áreitni.* Kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni líðst ekki í leikskólum LFA og á það við um alla, jafnt börn sem fullorðna.
- Leitast er við að fræða starfsfólk og opna umræðu um jafnréttismál
- Ætlast er til þess að allir foreldrar taki á sig fjarveru frá vinnu vegna veikinda eigin barna
- Starfsfólki ber að starfa eftir og í samræmi við jafnréttisáætlunina

## Foreldrar

- Foreldrar, óháð kyni eru hvattir jafnt til þátttöku í leikskólastarfinu
- Leitast er við að hafa upplýsingastreymi jafnt til foreldra hvers nemanda
- Stuðlað er að góðum samskiptum og samstarfi við foreldra. Ef fleiri en einn stendur að baki barns ber að líta á foreldra sem jafngilda í foreldrasamstarfinu, hvort sem þau/þær/þeir eru í sambúð eða ekki

Mikilvægt er að tryggja jafnrétti í víðum skilningi til að hæfileikar allra fái notið sín og leikskólinn njóti þess mannaúts sem býr í hverjum og einum.

## Einelti

Einelti er framferði sem ekki líðst í leikskóla LFA. Einelti er samskiptavandi, síendurtekið andlegt og líkamlegt ofbeldi og beinist að ákveðnum einstaklingi. Gerandi er einstaklingur eða hópur og stundum áttar viðkomandi sig ekki á því að um einelti er að ræða. Í öðrum tilvikum getur einelti verið af ásettu ráði og þá oft vegna þess að gerandanum líður illa. Verði einhver fyrir eða vitni að slíkri framkomu hefur sá hinn sami rétt til að tilkynna háttsemina til skólastjóra, deildarstjóra eða öryggistrúnaðarmanns og munu þeir aðilar styðja starfsmanninn við að leita réttar síns og sinna úrlausn málsins í samvinnu við þolanda, geranda/gerendur og sérfróða aðila ef þurfa þykir. Stuðst er við bækling sem gefinn er út af fjármálaráðuneytinu og prentaður fyrir Kennarasamband Íslands árið 2009. Athuga skal að einelti getur bæði beinst að barni og fullorðnum.

## Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni (skv. 14.gr. jafnréttislaga)

Kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni líðst ekki í leikskóla LFA og á það við um alla, jafnt börn sem fullorðna. Verði einhver fyrir eða vitni að slíkri framkomu hefur sá hinn sami rétt til að tilkynna háttsemina til skólastjóra, deildarstjóra eða öryggistrúnaðarmanns og munu þeir aðilar styðja viðkomandi við að leita réttar síns og sinna úrlausn málsins í samvinnu við þolanda, geranda/gerendur og sérfróða aðila. Ef grunur leikur á að barn sé beitt ofbeldi er það tilkynnt umsvifalaust til barnaverndarnefndrar. Stjórnendur leikskóla LFA hafa sótt forvarnarþjálfun gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á vegum Blátt áfram.

Jafnréttisáætlun þessi skal endurskoðuð að hausti 2025.

Gert í Reykjavík í ágúst 2022

Kristín Björk Viðarsdóttir

Leikskólastjóri

# Framkvæmdaáætlun

## Nemendur

Markmið	Aðgerð	Tímarammi	Ábyrgð
Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólasterfinu.	Í stefnumótun, við endurskoðun á skólanámskrá og allri áætlanagerð skal kynjajafnrétti haft að leiðarljósi.	Þegar unnið er að hverju viðfangsefni fyrir sig.	Stjórnendur. Allt starfsfólk.
Leikefni, kennslu- og námsgögn eiga að stuðla að jafnrétti allra.	Við innkaup sé tryggt að kennslu- og námsgögn skólans séu ekki kynjuð. Orðræðan þarf að vera þess eðlis að börnin finni að viðfangsefnin séu fyrir alla. Börnin hvött til að nota leikefni sem þau hafa sniðgengið.	Árlega er farið yfir leikefni og kennslu- og námsgögn. Á starfsdegi að hausti er rætt um mikilvægi orðræðunnar.	Allt starfsfólk.
Að gæta þess að ýta ekki undir staðalímyndir og að jafnvægi sé á milli þeirra kynjafyrirmynda og hugmynda sem birtast í textum og bókum. Vinna gegn staðalímyndum kynjanna.	Mikilvægt er að vera meðvitaður um texta og myndir í bókum. Ef hallar á annan er mikilvægt að ræða við barnahópinn um það. Þá er einnig hægt að breyta textanum þannig að hann falli að hugmyndum um kynjajafnvægi.	Á alltaf við.	Allt starfsfólk.
Jafnræðis skal gætt í framkomu og viðmóti kynjanna og þau njóti sömu hvatningar og	Fræðsla til starfsfólks til að hver og einn skoði eigin viðhorf til jafnréttiskennslu og hafi skilning á	Á alltaf við.	Allt starfsfólk.

## JAFNRÉTTISÁÆTLUN LEIKSKÓLA LFA

örvunar í skólastarfinu.	nauðsyn þess að börnin fái sama viðmót og sömu hvatningu. Stuðla að vináttu og samleik beggja kynja.		
Að vinna gegn viðhorfum sem leitt geta til aðstöðumunar vegna kyns, kynþáttar, trúarbragða, uppruna, fötlunar og kynhneigðar.	Að starfsfólk sé meðvitað um orðræðu sína og skoði og ræði viðhorf sín. Þannig gerir starfsfólk sér betur grein fyrir hugsanlegum fordómum og verði þ.a.l. tilbúnara til að hafa fordómalaust umhverfi.	Á alltaf við.	Allt starfsfólk.
Að koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni eða ofbeldi í leikskólanum.	Mikilvægt er að kynja ekki börnin í leik. Að ræða vináttu og samskipti í samverustundum og í leik. Að vera ávallt til staðar þar sem börn eru í leik og starfi og vera tilbúin að grípa inn í. Lesa bókina „Þetta eru mínir einkastaðir“ fyrir tvo elstu árgangana. Í leikskólanum eru ávallt tveir starfsmenn í upphafi og lok dags. Starfsmaður er aldrei einn með barni.	Á alltaf við. Sérstaklega tekið fyrir hjá tveim elstu árgöngum hverju sinni að hausti og eftir áramót.	Allt starfsfólk.

## Kennarar og annað starfsfólk

Markmið	Aðgerð	Tímarammi	Ábyrgð
Jafnlaunavottun lokið og viðhaldið skv. lögum	Fylgja ferli vottunaraðila og ÍST85	Lok árs 2022 auk endurvottunar skv. kröfum laga	Skólastjóri
Að öll, óháð kyni, fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf.	Greina árlega launakjör starfsmanna. Leiðrétta skla laun ef fram kemur mismunur sem ekki verður skýrður með öðru en kynferði.	Lokið í júlí ár hvert.	Skólastjóri.
Laus störf skulu standa opin jafnt fyrir öll óháð kyni þ.e. konum, körlum og fólki með hlutlausu skráningu kyns í þjóðsrká.	Taka saman kynjahlutföll í öllum starfshópum. Ef um ójafnt hlutfall er að ræða skal sérstaklega tekið tillit til þess við ráðningar.	Lokið í júlí ár hvert.	Skólastjóri.
Öll starfsþjálfun, sí- og endurmenntun skal vera aðgengileg báðum kynjum.	Greina skal árlega sókn kvenna og karla í sambærilegum störfum í endurmenntunarnámskeið og í starfsþjálfun með það að leiðarljósi að tryggja að mismunun eigi sér ekki stað.	Lokið í júní ár hvert.	Skólastjóri.
Samræming fjölskyldu og einkalífs.	Leitast við að starfsfólk geti samræmt starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu s.s. með auknum sveigjanleika og tilliti til fjölskylduaðstæðna og þarfa vinnuveitanda. Ætlast er til þess að feður jafnt sem mæður taki á sig fjarveru frá vinnu vegna veikinda eigin barna.	Starfsfólk sé upplýst við ráðningu. Á alltaf við.	Stjórnendur. Allt starfsfólk.

## JAFNRÉTTISÁÆTLUN LEIKSKÓLA LFA

<p>Að koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundnu ofbeldi, áreitni og kynferðislegri áreitni á vinnustaðnum.</p>	<p>Veita starfsfólki reglulega fræðslu um kynferðislegt áreyti og kynbundið ofbeldi. Mikilvægt er að allir hafi svipaðan skilning á því hvar mörkin liggja.</p>	<p>Fræðsla til starfsfólks t.d. á starfsdegi.</p>	<p>Stjórnendur skólans.</p>
<p>Í leikskólanum starfi fólk óháð kyni, kynhneigð, kynvitund og kyneinkenna og kyntjáningar. Laus störf standa konum og körlum og fólki með hlutlausa skráningu kyns til boða.</p>	<p>Í auglýsingum á vegum skólans eru einstaklingar óháð kyni, kynhneigðar og skilgreiningu hvattir til að sækja um auglýsta stöðu.</p>	<p>Í öllum tilfellum þegar lausar stöður eru auglýstar.</p>	<p>Stjórnendur skólans.</p>



## Foreldrar

Markmið	Aðgerð	Tímarammi	Ábyrgð
Að foreldrar séu hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu.	Foreldrar, óháð kyni eru hvattir til þátttöku með því að senda upplýsingar til allra aðila.	Þegar upplýsingar eru sendar í tölvupósti og í auglýsingum frá leikskólanum.	Skólastóri og deildarstjórar.
Að stuðla að góðum samskiptum og samstarfi við foreldra barns.	Ef fleiri en einn stendur að baki hvers barns, ber að líta á foreldra sem jafngilda í foreldrasamfélaginu. Kalla skal eftir upplýsingum frá foreldrum um hagi, búsetu símanúmer og netföng.	Við innritun barna í leikskólann hefst samstarf heimilis og skóla. Við innritun og árlega eftir það að hausti skal yfirfara upplýsingar um símanúmer o.þh.	Skólastjóri og deildarstjórar.